

Opna Reykjavíkurmótið í Keilu 2012

Einstaklingskeppni karla og kvenna m/forgjöf.

Skráning er hafin í Reykjavíkurmót einstaklinga með forgjöf. Skráning fer fram á [netinu](#) og lýkur fimmtudaginn 13. september kl. 21:00.

Keppnin fer fram í Keiluhöllinni Egilshöll. Forgjöfin er 80% af 200. Leiknir verða 9 leikir í forkeppni og komast fjórir efstu (karlar og konur) áfram í úrslit. Úrslitin eru þannig að 1. og 4. sætið og 2. og 3. sætið úr forkeppninni leika saman. Sá/sú sem fyrr vinnur tvo leiki heldur áfram. Sigurvegararnir úr leikjunum leika svo innbyrðis og sá/sú er fyrr vinnur tvo leiki hlýtur titilinn Reykjavíkurmeistari einstaklinga með forgjöf. Þeir sem tapa spila innbyrðis um þriðja sætið og sigrar sá/sú er fyrr vinnur tvo leiki.

Keppnin fer fram í Keiluhöllinni Egilshöll. Forkeppnin hefst laugardaginn 15. september kl 9:00 þar sem spilaðir eru 6 leikir. Sunnudaginn 16. september kl 9:00 eru spilaðir 3 leikir í forkeppni og úrslitin strax á eftir.

Verð er kr. 4.000.

Vinsamlegast skráið ykkur tímanlega.
Undirbúningsnefnd áskilur sér rétt til breytinga í forkeppninni.

Reykjavíkurfélögin